

Svar

félags- og jafnréttismálaráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Sæmundssyni um starfsmenn stofnana á málefnasviði ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða starfsmönnum stofnana á málefnasviði ráðherra lagði ríkið til bifreið árið 2017? Hvert var heildarverðmæti bifreiðanna?*
2. *Hver voru meðalheildarlaun starfsmanna þessara stofnana árið 2017? Hver voru hæstu heildarlaun einstaks starfsmanns hversrar stofnunar árið 2017?*
3. *Fengu einhverjir starfsmenn stofnana á málefnasviði ráðherra endurgreiddan aksturskostnað árið 2017 og hver var heildaraksturskostnaður hversrar stofnunar? Hver var hæsta greiðsla til einstaks starfsmanns hversrar stofnunar?*
4. *Fengu einhverjir starfsmenn stofnana á málefnasviði ráðherra endurgreiddan ferðakostnað í formi dagpeninga innan lands eða utan árið 2017 og hver var þá heildarferðakostnaður hversrar stofnunar? Hver var hæsta greiðsla til einstaks starfsmanns hversrar stofnunar vegna ferðakostnaðar innan lands annars vegar og erlendis hins vegar?*
5. *Var símakostnaður greiddur fyrir einhverja starfsmenn stofnana á málefnasviði ráðherra árið 2017 og þá fyrir hve marga starfsmenn hversrar stofnunar? Hver var heildarkostnaður hversrar stofnunar vegna símakostnaðar? Hver var hæsta greiðsla vegna einstaks starfsmanns hversrar stofnunar?*
6. *Fengu starfsmenn þessara stofnana greidda fatapeninga árið 2017? Hver var þá heildarkostnaður hversrar stofnunar vegna fatapeninga?*

Vegna fyrirspurnar um starfsmenn stofnana á málefnasviði ráðherra var leitað svara hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, Fjölmenningarsetri, Jafnréttisstofu, Tryggingastofnun ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins, Vinnumálastofnun, umboðsmanni skuldara, ríkissáttasemjara og Barnaverndarstofu.

Allar stofnanirnar sem haft var samband við fyrir utan eina sáu sér fært að svara fyrirspurn þingmannsins. Rétt er að taka þeim svörum sem fram koma hér með fyrirvara um að einhver forsendumunur getur verið í tölum eftir stofnunum. Svör við fyrirspurn þingmannsins má finna í meðfylgjandi töflu með skýringum.

Ríkisstofnun	Meðallaun starfsmanna stofnunar	Hæstu greiðdu laun til einstaks starfsmanns	Endurgreiddur aksturskostnaður	Hæsta einstaka greiðsla aksturskostnaðar	Endurgreiddur ferðakostnaður / dagpeningar	Hæsta einstaka greiðsla innan lands	Hæsta einstaka greiðsla erlendis	Fjöldi starfsmanna með greiddan simakostnað	Heildarkostnaður vegna síma	Hæsta einstaka greiðsla vegna síma starfsmanns	Kostnaður vegna fatastyrkja
Barnaverndarstofa ¹	7.579.776	16.751.645	11.459.085	717.200	7.284.481	431.200	1.073.025	32	1.909.228	164.463	0
Fjölmeningarsetur	5.563.548	9.984.000	100.100	100.100	2.580.863	1.742.846	0	0	0	0	0
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	8.859.284	16.574.925	1.152.030	245.960	1.890.400	486.080	449.107	2	104.239	62.893	178.265
Jafnréttisstofa	9.329.760	12.071.756	68.873	36.624	2.253.145	237.700	625.241	0	0	0	0
Ríkissáttasemjari	8.600.000	14.500.000	0	0	0	0	0	3	204.000	84.000	0
Tryggingastofnun ríkisins ²	7.500.000	16.500.000	396.330	237.600	2.219.610	413.384	0	35	1.379.724	82.169	0
Umboðsmaður skuldara	11.370.785	13.799.957	0	0	491.367	96.164	96.164	6	3.974.285	250.337	0
Vinnueftirlit ríkisins ³	7.900.536	15.381.084	16.387.162	1.384.900	23.819.218	1.604.600	1.002.948	0	10.528.252	228.976	1.253.440
Vinnuálastofnun											
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blindra, sjónskerta og daufblinda einstaklinga	7.686.444	12.627.120	173.502	49.170	5.714.685	119.670	501.860	13	457.342	151.461	24.995

Áthugasemdir stofnana:

Engin þeirra stofnana sem haft var samband við lagði starfsmönnum sínum til bifreiðar til einkanota.

Nokkuð af þeim fatastyrkjum sem stofnanir greiða til starfsmanna sinna eru kjarasamningsbundnir.

1. 9 MST þerapistar stofnunarinnar nota bifreiðar við vinnu sína. Barnaverndarstofa á 5 þeirra en er með 4 á rekstrarleigu. Heildarverðmæti bifreiða Barnaverndarstofu er u.p.b. 2,5 m.kr.
2. Hæsta einstaka greiðsla vegna ferða innanlands er til komin vegna kjarasamninga lækna.
3. Heildarkostnaður vegna síma miðast við afnotagjöld, notkun, netþjónustur, tengingar, farsíma og talsíma.
3. Kostnaður vegna fatastyrkja á við um nauðsynlegan vinnufátmað fyrir þá sem þurfa.